

Reykjavík, 4. janúar 2023

---

Þú munt þreyta próf í **Verkmenntaskólanum á Akureyri** og ert beðinn að mæta þar samkvæmt dagskrá hér að neðan.

---

### **Sveinspróf í vélvirkjun fer fram dagana 10 til 12. febrúar n.k.**

Skriflegt próf fer fram þann 10. febrúar og hefst kl. 16<sup>00</sup>. Að morgni 11. febrúar hefst verklegt próf og varir frá kl. 08<sup>00</sup> til kl. 18<sup>00</sup> með matarhléi frá kl. 12<sup>00</sup> til 13<sup>00</sup> báða dagana, 11. og 12. febrúar.

### **Kynning á tækjum skólans**

Kynning á tækjum skólans verður í umsjón Harðar Óskarsonar og Gunnars Möller föstudaginn 10. febrúar frá kl. 18<sup>00</sup> – 21<sup>00</sup>.

Þriggja tíma kynning í skólunum er innifalin í prófgjöldunum. Allur annar aukaundirbúnings-tími greiðist af próftakanum sjálfum eða meistara hans.

### **Sveinspróf í vélvirkjun**

Sveinspróf í vélvirkjun er skipt upp í fjóra þætti: skriflegt próf, smíðaverkefni, bilanaleitar verkefni, slitmælingar verkefni, suðuverkefni, frágang smíðaverkefnis og vinnuhraða við smíðaverkefnið, hver þáttur er metinn sérstaklega. Próftaki þarf að standast í öllum þáttum prófsins til að ljúka sveinsprófinu. Falli próftaki í einhverjum af fjórum þáttum prófsins þarf hann eingöngu að taka upp þann þátt aftur.

### **Skriflegt próf, 2 klst.**

Gefin er sérstök einkunn fyrir skriflega prófið. Helstu þættir sem spurt er úr í prófinu eru: vélar, loft og vökvakerfi, frystikerfi, öryggisfræði, suða og lóðningar, verkáætlanir og almennar spurningar.

Próftakar mega hafa með sér allar þær handbækur sem þeir vilja en ekki má vera búíð að skrifa inni þær auka upplýsingar.

Einnig mega próftakar hafa með sér reiknivél án innritaðra aukagagna.

Ein einkunn er gefin fyrir skriflega prófið og stendur hún sem sjálfstæð einkunn á einkunnablaðinu.

### **Smíðaverkefni**

Smíðaverkefnið er oft lítið vélastykki þar sem látið er reyna á hæfni og nákvæmni próftakans í meðferð handverkfæra, mælitækja, lestur teikninga og vélavinnu t.d. allslags spóntökuvéla.

Hvert mál í smíðastykkinu hefur fyrirfram ákveðið vægi. Fari próftaki út fyrir gefin vikmörk er gefið 0 fyrir málið. Sum mál sem eru afgerandi fyrir virkni stykkisins geta vegið allt að 30%.

Smíðaeinkunnin vegur 45% af lokaekunn verklegs prófs.

Frágangur og útlit stykkisins vegur 10% af lokaekunn verklegs prófs.

Próftakar fá 13 klst. til að klára verkefnið.

### **Bilanaleit**

Prófað er í bilanaleit í díselvél þar sem sett er inn bilun sem próftakinn á að finna, framkvæma viðgerð á og gera stutta skýrslu um það.

Einkunn fyrir vélaverkefni vegur 10% af lokaekunn verklegs prófs.

Próftakar fá 1 klst. til að klára verkefnið.

### **Slitmæling**

Prófað er í slitmælingu, þar sem próftakinn á að mæla ýmsa hluti í díselvél, meta hvort þeir séu í lagi eða hvort skipta þurfi um þá og gera stutta skýrslu um það. Stuðst er við viðgerðabækur við verkefnið.

Einkunn í slitmælingarverkefni vegur 10% af lokaeinkunn verklegs prófs.

Próftakar fá 1 klst. til að klára verkefnið.

### **Suðuverkefni**

Prófað er í flestum algengum suðuaðferðum á járn, kopar, áli, steypujárni og ryðfríu stáli ásamt kveikingu. Einnig er prófað í logskurði, skurður skal vera HANDSKORINN. Prófað er eftir stöðlunum ÍST EN 5817 samkvæmt D klassa og ÍST EN 287-1. Próftökum er bent á að kynna sér staðlana vel þar sem ekki verða teikningar af stykkjunum heldur farið eftir þeim málum, suðustellingum og öðru sem fram kemur í stöðlunum. Eingöngu verða gefnir út suðuferlar (skriflegar leiðbeiningar) varðandi suðuprófið.

Um mat á suðuverkefninu fer eins og segir til í staðlinum ÍST EN 5817 samkvæmt D klassa.

Einkunn í suðuverkefni vegur 25% af lokaeinkunn verklegs prófs.

Próftakar fá 3 klst. til þess að klára verkefnið.

### **Vinnuhraði**

Gefið er fyrir vinnuhraða. Vinnuhraða einkunnin metin þannig að þeir nemendur sem fá 6,5 eða hærra fyrir smíðaverkefnið hafa möguleika á að fá hærri einkunn en 5 í vinnuhraða. Vinnuhraðinn er metinn út frá því að sá sem er með stystan tíma fær 10 og því næst fá hinir í hlutfalli við það.

Einkunn fyrir vinnuhraða stendur sem sjálfstæð einkunn á einkunnablaðinu.

### **Prófsýning**

Prófsýning verður auglýst síðar.

Eftir prófsýninguna verður prófið fánlegt á netinu á slóðinni [www.idan.is/sveinsprof](http://www.idan.is/sveinsprof). Einnig eru gömul próf á sömu slóð próftökum til upplýsingar.

*Ekki verða veittar upplýsingar um gengi próftaka í prófinu í síma, munnlega eða eftir öðrum leiðum fyrir þann tíma.*

*Sveinsprófsnefnd í vélvirkjun,*

Sighvatur Friðriksson, formaður

Vignir Eypórsson, prófnefndarmaður

Styrmir Petersen, prófnefndarmaður